

**Norræn starfsmannaskipti – skýrsla styrkþega**

Nafn Ingibjörg Margrét Ísaksdóttir	
Vinnustaður á Íslandi, stofnun og deild Vinnuálfstofnun Íslands, Atvinna með stuðningi	
Starfsheiti Ráðgjafi	Kyn Kona
Land sem dvalist var í Svíþjóð	
Heiti vinnustaðar/stofnunar sem dvalið var hjá Arbetsförmedlingen í Stokkhólmi (AF)	
Tímabil sem dvalið var erlendis 10.5.2012-10.6.2012	
Hvenær vaknaði áhugi þinn á starfsmannaskiptum? Heyrði fyrst af þessum möguleika þegar ég starfaði hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi fyrir nokkrum árum. Það vaknaði strax áhugi og sótti ég um leið og ég hafði tækifæri til.	
Hvað var það sérstaklega sem vakti áhuga þinn? Sá möguleiki að kynna sambærilegri starfsemi erlendis og kynna hugsanlegum nýjungum sem gætu nýst mér í mínu starfi.	
Hvað fannst þér um skipulag dvalarinnar (t.d. upplýsingar, samskipti við sotnfun, ráðuneyti)? Það gekk allt mjög vel, hugmyndinni var vel tekið á mínum vinnustað og skipulagði ég ferðina sjálf. Ég hef sótt ráðstefnur á undanförunum árum í Evrópu og á Norðurlöndunum sem hefur verið liður í starfsþróun minni. Þar hef ég kynnt fólki sem ég gat haft samband við til að aðstoða mig við að skipuleggja dvölinna í Svíþjóð.	
Hvernig gekk þér að finna húsnæði? Það var erfitt að fá íbúð á hóflegu verði í svona stuttan tíma en það tókst svo í gegnum íslenska vinkonu sem á sænska vinkonu sem gat hugsað sér að leigja mér í mánuð.	
Hvað finnst þér um lengd dvalarinnar (of löng / hæfileg / stutt)? Of stutt. Ég var rétt að komast inní hlutina þegar tímanum lauk. Hefði þurft aðeins lengri tíma til að dýpka enn frekar það sem ég hafði kynnt.	

**Hver er aðalávinningur þinn af starfsmannaskiptunum út frá starfsvettvangi þínum?**

Það var fróðlegt að kynnast starfsháttum og fyrirkomulagi. Þrátt fyrir að kerfið virðist viðameira virtist allt ganga fljótt og vel fyrir sig, hlutirnir skipulagðir í þaula, verklagsreglur og ferlar til yfir allt. Ég fékk líka staðfestingu á að við á Íslandi erum að gera góða hluti og margt jákvætt t.d. sú vinna snýr að þjónustunotendum. Við höfum náð góðum árangri, höfum góða yfirsýn sem að hluta til má þakka hve við erum lítið samfélag. Smæðin gerir það að verkum að auðvelt er að skapa ný tengsl. Starfsmannahópurinn stendur þétt saman og er umhugað um atvinnumál fatlaðra. Í Svíþjóð þurfa ráðgjafar að hafa 120 háskóleiningar og allir fara á námskeið í AMS, þessu er ábótavant hér.

Hvaða þekkingu/reynslu öðlaðist þú á meðan dvölinni stóð og hverju gast þú miðlað?

Athyglisvert að kynnast vinnubrögðunum og mikilvægi góðra verkferla. Það er mikið lagt uppúr að hafa verklýsingar og lagt mikið í að fara eftir eftir stjórnsýslulögum. Ég heimsótti marga áhugaverða staði sem tengjast minni vinnu á einn eða annan hátt. Ég hélt örfyrirlestur á hverjum stað, sagði frá vinnu okkar á Íslandi og gat miðlað af okkar reynslu.

Hvernig hafa starfsmannaskiptin breytt sýn þinni á núverandi starf og vinnustað/stofnun?

Að þörf er á ákveðnum breytingum og breyttum áherslum t.d. hvað varðar inntökuferli nýrra umsókna, undirbúningsvinnu og skráningu. Það þarf að yfirfara og beturumbæta verklagsreglur. Fjölga þarf í starfsmannahópnum til að gera þjónustuna skilvirkari. Til samanburðar má nefna að hjá AF er hámark 30 einstaklingar á hvern ráðgjafa í einu. En á Íslandi eru sumir ráðgjafar að fylgja eftir helmingi fleirum, fyrir utan þá sem eru í atvinnuleit og þar að auki er þjónustuhópurinn þyngri hér en hjá AF í Svíþjóð.

Hver var helsti ávinningur þinn af samvinnunni með nýjum starfsfélögum meðan á dvölinni stóð (tengslanet, formleg/óformleg samskipti)?

Ég kynntist góðu fólki og áhugasömu og ætlum við að viðhalda tengslum og vera í áframhaldandi samskiptum og hafa starfsmenn þar ytra áhuga á að koma í heimsókn á Vinnumálastofnun Íslands og kynnast betur starfseminni þar.



Hvaða áhrif hafði dvölin á þig persónulega?

Ég er ánægð að hafa hrint þessu í framkvæmd. Dvölin gaf mér byr undir báða vængi, víkkaði sjóndeildarhinginn og efldi áhuga minn á starfinu.

Hver var helsti ávinningur fyrir stofnunina þína og vinnuveitanda á Íslandi af skiptidvölinni?

Starfshættir hjá AF eru mjög skilvirkir sem við getum tekið mið af. Starfssvið ráðgjafanna er afmarkaðra og skýrara og faglegar kröfur eru meiri. Ég fékk líka staðfestingu á að Vinnumálastofnun er að gera góða hluti í AMS og á réttri leið og miðar vel áfram í ljósi þess hve stutt er síðan að Vinnumálastofnun tók yfir atvinnumál fatlaðra.



Eigin lýsing á dvölinni og reynslu:

Norræn starfsmannaskipti

Styrkur frá Norrænu Ráðherranefndinni árið 2012

Styrkurinn var notaður til að kynnast starfsemi SIUS (Särskild introduktions- och uppföljningsstöd) hjá Arbetsförmedlingen eða Vinnumálastofnun í Svíþjóð. Ég dvaldi í Stokkhólmi 10.5.-10.6. og fylgdist með störfum nokkurra SIUS ráðgjafa.

Ég starfa sem ráðgjafi í Atvinnu með stuðningi (AMS) hjá Vinnumálastofnun og taldi að það yrði lærdómsríkt að kynnast þeirri starfsemi í Svíþjóð.

Atvinna með stuðningi (AMS) Supported Employment

AMS er einstaklingsmiðuð aðferð sem byggir á hugmyndafræði Supported employment (SE) og á uppruna að rekja til USA og Kanada. Aðferðin felur í sér atvinnuleit, stuðning, ráðgjöf og eftirfylgd á almennum vinnumarkaði fyrir fatlaða. Fundið er starf við hæfi hvers og eins og veittur er stuðningur eftir þörfum, bæði við hinn fatlaða og vinnuveitendur. Stuðningur er oftast mikill í byrjun og síðan dregur úr honum eftir því sem færni viðkomandi eykst. Stuðningur með starfsþjálfun og eftirfylgd er mismikill eftir þörfum hins fatlaða og fyrirtækisins. Stuðningurinn við vinnustaðinn er stöðugur þannig að atvinnurekendur geta ætíð leitað til AMS ef með þarf. Á Íslandi hefur verið unnið samkvæmt hugmyndafræði AMS frá 1990. Stofnuð hafa verið Evrópusamtök; European Union of Supported Employment. Alls eru 19 lönd aðilar að samtökunum þar á meðal Ísland.

Vinnumálastofnun í Svíþjóð. (Arbetsförmedlingen (AF))

Aðalskrifstofur AF í Svíþjóð er að finna í Stokkhólmi. Alls starfa þar yfir 10.000 manns á 320 hverfaskrifstofum á 55 vinnusvæðum. Reiknað er með að fjöldi skráðra atvinnuleitanda fjölgi úr 377 000 árið 2011 í 405 000 árið 2013.

Í Svíþjóð búa um 9,5 milljónir manna og atvinnuleysi er ca. 8%.

Í stefnumörkun AF 2011-2016 er m.a. lögð áhersla á að koma á móts við fólk sem á litla möguleika á almennum vinnumarkaði vegna skertrar vinnufærni af einhverjum ástæðum s.s. fötlunar, veikinda eða af öðrum ástæðum. Aðgerðir eiga að vera árangursríkar og skjótvirkar. Mikil áhersla er lögð á að virkja ungt fólk til náms eða vinnu.



SIUS

SIUS stendur fyrir Sérskild introduktions- och uppföljningsstöð eða Sérstök kynning/þjálfun og eftirfylgd /stuðningur. Markhópurinn sem þarf aðstoð við atvinnuleit og stuðning í vinnu á almennum vinnumarkaði er fólk með skerta starfsgetu af ólíkum ástæðum. Má þar nefna geðræn vandamál, fíkla, langtíma veikindi, langtíma atvinnuleysi, stoðkerfasjúkdóma, fanga og fatlanir vegna slysa. Það er skilyrði að vera innskrifaður hjá AF og eiga rétt á bótum. SIUS er eitt af vinnumarkaðsaðgerðum Vinnumálastofnunar í Svíþjóð og er hliðstætt við Atvinnu með stuðningi (AMS) hjá Vinnumálastofnun Íslands. Vinnubrögðin eru þau sömu, byggð á sömu hugmyndafræðinni; Supported Employment (SE).

SIUS byrjaði sem tilraunaverkefni í Stokkhólmi 1993, fjármagnað af AF í samvinnu við sveitarfélögin. Hugmyndin kom frá Noregi sem var fyrst Norðurlandanna til að vinna eftir þessari hugmyndafræði. Verkefnið fór hægt af stað og tók nokkurn tíma að finna taktinn. Margir umsækjendur þóttu standa of langt frá vinnumarkaðnum eins og þeir orða það, þ.e. voru ekki með næga vinnufærni. Árið 1996 þegar verkefnið var endurskoðað þótti árangur ekki fullnægjandi og hugleiddi AF að hætta með verkefnið. Þó var ákveðið að leita til ríkisvaldsins sem lagði þá til fjármagn svo að hægt væri að halda starfseminni áfram hjá AF. Verkefnið var framlengt og fór loks að skila góðum árangri og árið 1998 var það búið að festa sig í sessi. Þá voru starfsmenn 150 talsins og 2001 hafði þeim fjölgað í 275 og í dag er eru SIUS ráðgjafar orðnir 625. Að auki starfa 35 sérfræðingar á sviði sjón- og heyrnarskerðingar. SIUS ráðgjafar þurfa að hafa lokið 120 einingum á háskólastigi og allir starfsmenn fara á 3ja daga námskeið um starfsaðferðir í Supported employment.

Þrátt fyrir að SIUS starfsemin sé orðin fastur liður innan AF er enn talað um SIUS sem verkefni. Það er gert til að aðskilja starfsemina frá annarri innan AF, því ekki er ætlast til að SIUS ráðgjafar fari í önnur störf innan AF. Ástæðan er fyrst og fremst sú að ráðgjafarnir búa flestir yfir sérþekkingu og eru sérþjálfaðir sem SIUS ráðgjafar. SIUS tilheyrir því ekki sömu rekstraráætlun og önnur starfsemi innan AF heldur er sjálfstæð eining. SIUS ráðgjafar eru starfandi á öllum svæðisvinnumiðlunum í Svíþjóð sem er jafnframt stærsti vinnuveitandi fyrir SIUS ráðgjafa í Evrópu.

Þegar sótt er um starf hjá AF tekur vinnumiðlari á mótí umsókn og gerir svokallaða frumgreiningu og metur hvort viðkomandi falli undir viðmið SIUS. Vinnumiðlari kallar einnig eftir viðbótarupplýsingum ef með þarf s.s. læknisvottorði, þar sem fram kemur fullgild ástæða fyrir því að viðkomandi eigi rétt á þjónustu SIUS. Vinnumiðlari á jafnframt að greina og meta út frá gögnum hvort viðkomandi hafi færni til að starfa



á almennum vinnumarkaði. Vinnumiðlarinn ber alltaf ábyrgð á umsókninni. Vinnumiðlari, SIUS ráðgjafi og vinnusálfræðingur AF hittast einu sinni í viku, fara yfir og deila umsóknum. Eftir að SIUS ráðgjafi hefur tekið á móti umsókn hefst hið eiginlega ferli. Umsækjandi er boðaður í fyrsta viðtalið innan 2ja vikna. Byrjað er að kynna og kortleggja einstaklinginn og er gefinn góður tími í það eða 1-3 mánuðir. Það er hist vikulega, ýmist á skrifstofu, kaffihúsi, í gönguferðum eða öðru sem umsækjandi stingur uppá. Á meðan þessu ferli stendur er einnig farið í heimsóknir á 2-3 vinnustaði að óskum umsækjanda og síðan farið í starfskynningu. Leitast er við að fara í starfskynningu á „réttu“ vinnustaðinn, enda hafa báðir aðilar gefið sér góðan tíma í undirbúning til að gera sér í hugarlund hvers konar starfsvettvangur henti best. Hlutverk ráðgjafans er að kynna umsækjanda það vel að hann geti metið hverskonar vinna og vinnustaður henti best. Hann leitar að og greinir vinnustaði sem eru tilbúnir til samstarfs. Starfskynning getur tekið 2- 6 mánuði áður en að ráðningu kemur og eftir það er einstaklingnum fylgt eftir í mest 2 ár. Við ráðningu er laun greidd amkvæmt kjarasamningi. Allir fara á svokallaðan vinnusamning, þar sem fyrirtækið fær greitt fyrir að hafa einstaklinginn í vinnu. AF greiðir þann vinnusamning sem er oftast til fjögurra ára. Greidd er ákveðin prósentá sem er metin eftir vinnugetu en að hámarki 16.750 sek. (mun sennilega hækka í 1900 sek í haust)

Um 9000 einstaklingar eru núna skráðir í SIUS og markmiðið er að 60% umsækjenda fari í vinnu á almennum vinnumarkaði á hverju ári. Fram að þessu hefur árangur verið um 50% og markmiðið er að hver og einn SIUS ráðgjafi takist að finna störf fyrir 9 einstaklinga á ári. Samtals getur einn SIUS ráðgjafi unnið með 30 einstaklinga í einu, þ.e. í undirbúningsferli, þjálfun og í vinnu. Í könnun sem var gerð kom í ljós að hver og einn SIUS ráðgjafi þarf að fara í að meðaltali 4 fyrirtækjaheimsóknir til að fá eitt starf, sem þýðir 120 fyrirtækjaheimsóknir á ári.

Til að fá starf sem SIUS ráðgjafi er gerð sú krafa að hann sé með 120 einingar á háskólastigi. Allir SIUS ráðgjafar eiga kost á reglulegri handleiðslu ef þeir óska eftir.

Á meðan dvöl minni stóð tók ég þátt í daglegu starfi SIUS ráðgjafanna og að auki heimsótti ég nokkrar starfsstöðvar á vegum AF sem ég geri stuttlega grein fyrir hér að neðan. Einnig heimsótti ég eitt einkarekið fyrirtæki í AMS.

Arbetsförmedlingen Sundbyberg – Syn-döv och hörsel

Á vegum AF er ein svæðisvinnumiðlun sem sérhæfir sig í þjónustu við þá sem eru með skerta sjón og heyrrn. Á öllum svæðisvinnumiðlunum eru starfsmenn með sérþekkingu á þeim sviðum og eru samtals 36, en Sundbyberg er eini staðurinn í



Stokkhólmi þar sem allir eru slíkir sérfræðingar. Fólki með þessar fatlanir getur valið að leita þangað. Umsóknarferlið er það sama og hjá öðrum sem eiga rétt á SIUS. Ég fylgdi einum ráðgjafa í viku og var með í viðtölum og heimsóknum á vettvangi. Þetta er sérhæfð þjónusta sem krefst mikillar sérþekkingar og frábært að þessi þjónusta sé í boði. Þessir ráðgjafar þurfa að fara í tíðari heimsóknir á vinnustaðina þar sem sjaldgæft er að talað sé táknað á vinnustöðum. Í sumum tilvikum hefur verið veitt undanþága fyrir ráðgjafana að halda áfram með eftirfylgd eftir að 2 ár eru liðin.

Arbetsförmedlingen Stockholm Liljholmen

Í Liljeholmen starfa 5 SIUS ráðgjafar. Þar fylgdi ég öðrum ráðgjafa að störfum og einn daginn átti hann stefnumót við umsækjanda sem var liður í undirbúningsferlinu. Þetta var í þriðja skiptið sem þau voru að hittast. Umsækjandinn var staddur á vörusýningu þar sem var verið að kynna hjálpartæki fyrir fatlaða, aðallega hjólastóla. Umsækjandi var maður um fimmtugt sem sat sjálfur í hjólastól og hafði misst vinnu þegar smíðafyrirtæki sem hann vann hjá var lagt niður. Hann fékk þarna tækifæri til að lýsa hjólastóla körfuboltaleik, sem honum fórst vel úr hendi. Þetta var mikil áskorun fyrir hann og gott fyrir ráðgjafann að sjá hvernig hann brást við í þessum óvenjulegu aðstæðum. Þessi heimsókn var einn liður í kortlagningunni, að kynnast umsækjanda í mismunandi aðstæðum. Þetta reyndist einnig góður vettvangur fyrir ráðgjafann að ná tali af fólki, kynna störf SIUS og jafnvel að fá starfskynningar.

NSPH ; Nationell Samverkan i Psykisk Hälsa.

NSPH eru samtök sem samanstanda af 13 áhugahópum sem vinna á sameiginlegum vettvangi í gerð starfsáætlana og að stefnumótun innan málefna geðfatlaðra. Samtökin eru til að styrkja tengsl á milli sjúklinga, aðstandenda og starfsfólks innan geðheilbrigðiskerfisins. Samtökin vilja hafa áhrif á þjónustuna með því að allir miðli af reynslu sinni á jafningjagrundvelli. Lögð er áhersla á einstaklinginn og hans nærumhverfi, þekkingu og reynslu fólksins í kringum hann. NSPH er að finna í um 10 sýslum og sveitarfélögum í Svíþjóð og er styrkt af félagsmálaráðuneytinu frá 2007.

Á skrifstofunni í Stokkhólmi starfa 5 manns og þar af er einn maður á vegum SIUS. Hann var notandi geðheilbrigðisþjónustunnar um árabil og getur því lagt sitt af mörkum.

Unga in

Á árunum 2007-2009 hefur atvinnuleysi ungs fólks í Svíþjóð aukist um 50% og reiknað er með að það eigi enn eftir að aukast. Reynt hefur verið að bregðast við þessu á ýmsan hátt og hafa meðal annars ýmiss þróunarverkefni verið sett í gang.



Eitt af þeim verkefnum er Unga in.

Unga in byrjaði 2009 sem þróunarverkefni á vegum AF, sveitarfélgi Stokkhólms og með styrk frá EU (40%). Markmiðið var að ná til ungs fólks sem var hvergi skráð, þ.e. ekki á atvinnuleysisrá eða á framfærslustyrk á vegum hins opinbera, „unga fólkið sem var ekki til“ og lifði fyrir utan kerfið.

Markhópurinn var ungt fólk á aldrinum 16-24 ára sem hafði m.a. flosnað upp úr skóla og bjó kannski ekki við góðar félagslegar aðstæður. Um 92000 ungmenni á þessum aldri eru í Svíþjóð. Talið er að um rúmlega 40000 ungmenni séu atvinnulaus og þar af 10000 bara í Stokkhólmi. Til að ná til þessa unga fólks voru sendir út svo kallaðir sendiherrar sem leituðu það uppi og bauð því að koma í Unga in. Mörg ungmennin áttu við félagsleg vandamál að stríða og/eða stríddu við geðræna erfiðleika. Einnig kom í ljós að sumir voru með asperger, adhd eða aðrar fatlanir og höfðu ekki fengið greiningu. Markmið Unga in er að koma á móts við þetta unga fólk, finna hvar styrk/veikleikar þeirra liggja, og hvetja þau til að halda áfram námi og/eða fara í vinnu. Þau fá þá aðstoð sem þau þurfa og hjálp við að taka fyrstu skrefin. Allir hitta náms- og starfsráðgjafa. Frá því að verkefnið fór í gang hefur náðst góður árangur eða um helmingur af þeim sem hafa komið til Unga in hafa farið í vinnu eða skóla.

Gert var ráð fyrir 3ja ára þróunarverkefni og átti því að ljúka á þessu ári. Þetta hefur hins vegar gefist svo vel að ákveðið hefur verið að það verði til frambúðar og að starfsemin verði þar að auki starfrækt á þremur öðrum stöðum í Svíþjóð.

Misa

Misa er einkarekið fyrirtæki sem hóf starfsemi sína 1994. Starfsemi Misa byggir einnig á hugmyndafræði Supported employment og hefur vaxið ört undanfarin ár. Starfseiningar eru orðnar 14 víðsvegar um Svíþjóð og starfsmenn um 180 talsins. Hver starfseining sérhæfir sig á einhverju sviði fötlunar t.d. eru starfsstöðvar fyrir einhverfa, fólk með geðræn vandamál, fólk sem hefur hlotið heilaskaða o.fl. Um það bil 900 einstaklingar eru skráðir í þjónustu. Á starfseiningunum fer ekki fram nein starfssemi önnur en sú að lögð er áhersla á að finna vinnustaði, fara í starfsskynningar og markmiðið er að fara í vinnu á almennum vinnumarkaði. Það eru sveitarfélögin sem greiða fyrir þjónustu hvers og eins.

AF getur gert þjónustusamning við Misa um að þjónusta það fólk sem fellur ekki undir þau viðmið sem AF setur um vinnufærni á almennum vinnumarkaði. Um 40% þjónustunotenda hjá Misa koma frá AF.

Misa hefur einnig sérhæft sig í að halda námskeið í AMS fyrir ráðgjafa víðs vegar um Svíþjóð.



Dirigo

Dirigo er átaksverkefni á vegum Tryggingastofnunar (Fösäkringskassan), AF og þriggja sveitarfélaga og styrkt af EU. Markmið er að ná til einstaklinga sem hafa verið sjúkraskrifaðir í minnst 180 daga eða eru á framfærslu frá sveitarfélagi eða fá svokallaðar færniþætur (aktivitetsersättning). Þeim er boðið að taka þátt í átaksverkefni við að aðstoða þá við að fá vinnu á almennan vinnumarkað eða í nám með þeim stuðningi sem þeir þurfa á að halda. Stefnt er að 1800 taki þátt þar sem 1100 hafa verið sjúkraskrifaðir í 180 daga, 500 með færniþætur og 200 á framfærslustyrk.

Verkefninu er skipt í Dirigo 1 og Dirigo 2 sem byggja á hvort öðru. Dirigo 1 er hugsað til auka færni og þekkingu starfsfólks sem vinnur með Dirigo 2.

Verkefnið byrjaði í mars 2012 og á að ljúka í júní 2014.

Dirigo er latína og þýðir ; Ég stjórna

Lokaorð

Eins og fram hefur komið heimsótti ég marga áhugaverða staði. Heimsókn mín var á allan hátt vel undirbúin og skipulögð. Ég átti fyrst fund á höfðuðstöðvunum með framkvæmdastjóra SIUS og síðan var ég eina til tvær vikur á hverjum stað. Ég fylgdi eftir tveimur starfsmönnum í daglegu starfi og að auki fór ég í nokkrar heimsóknir. Ég komst að því að það er margt sameiginlegt með starfi Íslendinga og Svía en líka margt sem er öðruvísi. Þrátt fyrir að við séum að vinna eftir sömu hugmyndafræði er verklag ekki það sama sem skýrist að hluta vegna mismunandi stjórnsýslu. Öll vinna hjá AF er mjög nákvæm, verkferlar og skipulag endurmetið reglulega.

Það kom á óvart að uppgötva hvað við erum að þjónusta ólíkan hóp. Nánast enginn hjá AF er með þroskahömlun, en það er stærsti hópurinn í AMS á Íslandi. Þegar ég spurði hvar þroskahamlað fólk væri að vinna var svarað að þau væru á hæfingarstöðum og vernduðum vinnustöðum.

Á Íslandi er skortur á slíkum dagþjónustustöðum og er það kannski skýringin á að fleiri þroskahamlaðir eru í vinnu á almennum vinnumarkaði. Er það vel og má þá kannski segja að við séum skrefi á undan hvað það varðar Atvinnu með stuðningi fyrir fólk með þroskahömlun.

AF setur tímatakörk á eftirfylgd sem getur haft þær afleiðingar að fólk flosnar fyrr



uppúr vinnu ef það hættir að fá eftirfylgd. Eftirfylgd hér er ekki háð tímtakmörkunum.

Þannig að þjónustuþyngdin er líklega meiri hér á landi, starfsfólk er með ábyrgð á fleiri einstaklingum og í lengri tíma. Það var dýrmætt að fá staðfestingu á að við sem vinnum með AMS erum að gera góða hluti og margt jákvætt t.d. þegar snýr að hópi fólks með þroskahömlun.

Mér finnst við nær starfseminni hjá Misa hvað varðar þjónustunotendur en uppbygging starfsins hjá AF nær starfsemi okkar. Má segja að VMST sé sambland af þessum tveimur stofnunum.

Þrátt fyrir að við höfum náð góðum árangri er margt sem við getum bætt og verður það okkar verk á komandi mánuðum.

Í heild sinni var dvölin í Stokkhólmi áhugaverð og fróðleg og er ég þakklát fyrir að hafa fengið þetta tækifæri. Ferðin var gagnleg og þó að tíminn væri í stysta lagi nýttist hann mér vel. Það var minn styrkur að ég talaði sænsku og átti ekki í erfiðleikum með samskipti.

Ég geri mér grein fyrir að ég hef þó aðeins fengið smjörþef af öllu sem ég kynntist, því ekki náðist að dýpka þekkingu á öllum sviðum á þessum tíma sem ég var þarna. Ég upplifði margt fróðleg og skemmtilegt sem er í gangi. Mér var allsstaðar mjög vel tekið og allir forvitnir um hagi okkar Íslendinga. Ég hélt örfyrirlestur á hverjum stað um starfsemi AMS hjá Vinnumálastofnun og var fólk almennt mjög áhugasamt. Þess má að lokum geta að ég hef nú þegar fengið óskir um að taka á móti Svíum sem vilja heimsækja Ísland og kynnst starfseminni hér á landi.

Bestu þakkir

Ingibjörg Margrét Ísaksdóttir

AMS ráðgjafi

Vinnumálastofnun - AMS

Kringlan 1

Sími: 515-4838

ingibjorg.isaksdottir@vmst.is

www.vinnumalastofnun.is

Skýrslunni skal skilað í síðasta lagi innan tveggja mánaða eftir heimkomu og í framhaldi verður styrkur endurgreiddur til stofnunar.



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ



norden

Nordiska ministerrådet

Hægt er að senda skýrsluna í tölvupósti til Ástu Láru Leósdóttur:

asta.lara.leosdottir@fjr.stjr.is.